

Athugasemdir við drög að heildstæðri orkustefnu

Bls. 7; grein 2: Hér segir á miðri síðu: „Íslendingar búa að miklum endurnýjanlegum orkulindum. Þær skila um þessar mundir fimmfaldri þeirri raforku sem almenningur og almennt atvinnulíf notar.....“. Hugtakið „almennt atvinnulíf“ er óskilgreint. Frystihús flokkast að öllum líkindum undir það hugtak. En járnblendiverksmiðjan á Grundartanga? Hún er eina fyrirtækið sinnar tegundar á Íslandi. Eða álverið á Grundartanga sem ekki er eina álverið á Íslandi? Eða væntanleg gagnaver? Þessi sundurgreining atvinnustarfsemi á Íslandi sýnist merkingarlaus og fremur til óþurftar.

Neðar á sömu síður segir: „Orkulindir landsins eru verðmætar og ekki annað fyrirséð en að þær verði enn verðmætari í framtíðinni, með hækkandi orkuverði í heiminum og áframhaldandi aðgerðum gegn losun gróðurhúsalofttegunda. En lindirnar eru ekki ótakmarkaðar, heldur mun sú stund upp renna að ekki verði virkjað frekar með hagkvæmum og sjálfbærum hætti. Þá skiptir miklu að unnt verði að líta til baka og álykta að vel hafi verið farið með auðlindirnar og þær nýttar í góðri sátt og samfélaginu til ábata“ .

Hér er ruglað saman hugtökunum „ótakmarkaður“ og „ótæmandi“. Íslensku orkulindirnar eru vissulega ekki ótakmarkaðar en þær eru á hinn bóginn ótæmandi. Þær ganga ekki til þurrðar þótt nýttar séu, eins og t.d. eldsneyti í jörðu. Þegar orkusölusamningur rennur út er hugsanlegt að hann verði endurnýjaður, en ólíklegt er að verðið verði óbreytt. Það er líka vel hugsanlegt að hann verði ekki endurnýjaður og nýr samningur gerður við nýjan kaupanda; hugsanlega öðruvísi kaupanda, með annarskonar nýtingu á orkunni. Við gerum eins hagstæða orkusölusamninga og vól er á á hverjum tíma.

Bls. 8, meginmarkmið: Hér segir: Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis eins og kostur er.

Orðalagið „eins og kostur er“ er of teygjanlegt. Niðurstaðan fer eftir því við hvað er miðað. Það kann að vera umdeilanlegt á hverju er kostur. Heppilegra væri að segja „...eins og er þjóðhagslega hagkvæmt“.

Þarna segir líka annarsvegar: „Þjóðhagsleg framlegð orkubúskaparins verði hámerk- uð“ og hinsvegar: „Við nýtingu orkulinda verði borin virðing fyrir umhverfi, náttúru og sérkennum landsins“. Ekki er víst að þetta tvennt fari alveg saman. Orðalagið þarf að lagfæra þannig að eitt meginmarkmið rekist ekki á annað meginmarkmið.

Bls. 11, 4.1.1. Ósnortin náttúra: Ósnortin er sú náttúra ein sem enginn maður kemur í. Slík náttúra er manningum lítils virði. Það sem hér er átt við er óskemmd náttúra, þ.e. náttúra sem maðurinn hefur ekki breytt til hins verra að almennu mati. Umferð manna um náttúrulegt umhverfi setur óhjákvæmilega sitt mark á náttúruna. Það mark þarf ekki að

vera neikvætt en getur vel verið það ef ekki er gengið vel og snyrtilega um. Ég legg til að talað verði um óskemmda náttúru í stað ósnortinnar náttúru.

Sama bls. 4.1.2. Samfélagslegir þættir: Hér segir: „Íslendingar bera ekki aðeins ábyrgð gagnvart eigin samfélagi, heldur einnig gagnvart alþjóðasamfélaginu varðandi ábyrga nýtingu auðlinda, verndun vistkerfis, landslags og óspilltrar náttúru og í alþjólegri samvinnu, t.d. í loftslagsmálum“.

Þetta er hverju orði sannara. Stærsta hugsanlega framlag Íslendinga í baráttunni gegn gróðurhúsavandanum felst í því að hýsa hér á landi iðnað sem myndi auka þennan vanda ef hann væri í landi þar sem þyrfti að framleiða raforkuna til hans með eldsneyti. Vinna þarf að því að fá slíka hýsingu viðurkennda á alþjóðavettvangi sem framlag í baráttunni við gróðurhúsvandann. Álverið á Reyðarfirði sparar andrúmsloftinu árlega meira en nemur allri losun Íslendinga á koltvísýringi 2006 borið saman við að það hefði verið reist í kolaorkulandi.

Bls. 18; grein 6.1: Hér er í fyrstu málsgrein talað um „ósnortin víðerni“ en það hugtak er ekki að finna í orðaskilgreiningunum. Beinast liggur við að skilja hugtakið þannig að það vísi til svæða sem enginn maður kemur í. Verður svo gert hér.

Í næstu málsgrein segir um ósnortin víðerni: „Þessi náttúrufarslega sérstaða (þ.e. ósnortin víðerni) felur jafnframt í sér fjölbreytt tækifæri til atvinnusköpunar, t.d. í ferðaþjónustu, útivist og vísindum sem meta verður til auðlinda....“ .

Landssvæði sem fjöldi ferðamanna heimsækir, jafnvel á hverju ári, getur ekki talist til ósnortinna víðerna. Hins vegar kann að vera unnt að varðveita það óskemmt ef fyllstu aðgæslu er gætt. Hér ætti því fremur að tala um „óskemmd víðerni“ en „ósnert víðerni“.

Neðar á sömu blaðsíðu segir: „Á sumum svæðum geta hagsmunir ferðaþjónustu og orkunýtingar farið saman en á öðrum er slík samnýting óhugsandi“. Engin rök eru færð fyrir þessari staðhæfingu. Erlendis fer þetta víða saman.

Sama bls; grein 62: Hér talað um að OECD hafi mælt með að „umhverfiskostnaður verði með beinum hætti hluti af hagrænni kostnaðar- og ábatagreiningu....“.

Hugtakið umhverfiskostnaður er í plagginu skilgreindur sem „neikvæð áhrif nýtingar orkuauðlinda á náttúrugæði“ Hér er sá galli á að orðið kostnaður er merkingarlaust um annað en það sem gengur kaupum og sölum á markaði. Umhverfi gengur ekki kaupum og sölum á markaði. „Umhverfiskostnaður“ er því markleysa.

Það er óhæft í greinargerð sem þessari að nota óskilgreinanleg hugtök.

Bls. 22. Uppbygging og rekstur virkjana. Sjálfsagt er að fylgja matslyklum um haldbærni vatnsaflsvirkjana sem Alþjóða vatnsorkusamtökin hafa gert, enda er Ísland meðlimur þeirra samtaka. Varðandi jarðvarmann verðum við í ríkara mæli en á sviði vatnsorkunnar að standa á eigin fótum og ætla Íslandi fremur leiðbeinandi hlutverk á heimsvísu í nýtingu jarðvarma.

Bls. 24. Flutningur raforku. Á þessu sviði ber að stefna að því að nýta sem hæsta spennu að teknu eðlilegu tillits til kostnaðar. Flutningsgetan vex nokkurnveginn í hlutfalli við rekstraraspennuna í öðru veldi svo að línufjölda er haldið í lágmarki með því að velja spennuna háa. Með möskvauppbyggingu flutningskefisins er línufjöldinn líka minni en ella. Sjálfsagt er að spara fé með því að hafa spennuna ekki hærrí en þörf er á á hverjum tíma þótt línurnar séu strax í upphafi gerðar fyrir hærrí spennu.

Rífa á strax eldri línur þegar nýjar koma í þeirra stað. Með því móti er hrakvirði (scrap value) þeirra í hámarki.

Bls. 25. Loftslagsbreytingar. Ísland ræður yfir 100 sinnum meiri vatnsorku á hvern íbúa en hver jarðarbúi að meðaltali. Jafnvel þótt hver Íslendingur noti nú þegar meiri raforku til almennra þarfa en flestir jarðarbúar er langt í að þeir nýti meira en lítið brot sinnar vatnsorku í því skyni. Er jarðhitinn þá ótalinn. Þeir hafa því betri forsendur en íbúar flestra annarra landa til að taka að sér raforkufreka starfsemi eins og framleiðslu á áli og öðrum raforkufrekum afurðum og létta þar með framleiðslu þessara afurða af löndum sem verða að reiða sig fyrst og fremst á eldsneyti til raforkuvinnslu. Það er í þágu allra jarðarbúa að þessi sérstaða Íslendinga sé nýtt.

Stjórnvöld þurfa að vinna að því að fá alþjóðlega viðurkenningu á þessari sérstöðu landsins.

Bls. 55. Hér segir: „Vetni er áhugaverður kostur til að miðla rafmagni frá rafkerfinu í því skyni að knýja farartæki, skip og jafnvel flugvélar“.

Þetta er ekki rétt. Markaðsverð á raforku er alltof hátt til að vetni framleitt með rafgreiningu geti verið slíkur áhugaverður kostur. Rafgreint vetni er mun dýrara en vetni framleitt með öðrum hætti. Við Íslendingar höfum áratuga reynslu af að framleiða vetni með rafgreiningu. Henni var hætt hér vegna þess að þrátt fyrir að raforkan kostaði aðeins hluta af því verði sem álverið í Straumsvík greiddi fyrir rafmagnið á þeim tíma – sem þótti nú ekki hátt –, var vetnisvinnslan ekki samkeppnisfær við innflutt vetni framleitt úr jarðgasi.

Þetta þarf ekki að útiloka notkun vetnis í samgöngum á Íslandi. Við getum flutt vetnið inn en notað raforkuna til að framleiða verðmætar útflutningsafurðir.

Á sömu bls. segir: „Rafgreining getur annaðhvort farið fram í sérstökum vetnisstöðvum eins og gert hefur verið á Íslandi, eða í smærri stíl, svo sem við heimahús eða vinnustaði.“

Síðari kosturinn er jafnmikil fjarstæða og að ætla sér að geyma bensín í bílskúrum í íbúaðhverfum. Vetni er ekki síður sprengifimt en bensínufu.